



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um opnun ungbarnadeildar í leikskólanum Sælukoti

Fyrir liggur beiðni frá leikskólanum Sælukoti um breytta samsetningu á barnahópnum í leikskólanum og um að bæta við ungbarnadeild.

Núverandi rekstrarleyfi leikskólans gerir ráð fyrir 72 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Greitt var framlag vegna 39 reykvískra barna í febrúar 2019.

Áætluð breyting kveður á um breytta samsetningu barnahópsins og verður eftir breytinguna heimilt að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 72 börn, þar af 20 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember sl. og í borgarráði þann 10. janúar sl. var samþykkt tillaga varðandi ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44_sfs_ungbarnadeildir.pdf

Umbeðin breyting uppfyllir það skilyrði framangreindrar tillögu að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi eykst að lágmarki sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnadeildina.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Sælukoti verði heimilað að vera með 72 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.